

## Breytingartillaga

### Lög Körfuknattleikssambands Íslands

9. gr. Greinin hljóði svo:

Stjórn KKÍ fer með æðsta vald í málafnum sambandsins milli þinga. Stjórn KKÍ skipa 5 menn. Formaður skal kosinn til eins árs í senn. Aðra stjórnarmenn skal kjósa til tveggja ára, two á hverju þingi. Skulu þeir ganga úr stjórn tveir og tveir í senn. Kjósa skal two varamenn til eins árs í senn og taka þeir sæti í stjórninni í þeirri röð sem þeir eru kjörnir. Til að ná kjöri sem formaður, þarf meirihluta greiddra atkvæða. Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu, skal kjósa á ný bundinni kosningu um þá two menn sem flest atkvæði hlutu. Ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum.

Við kjör annarra stjórnarmanna og varamanna gildir sú regla, að þeir sem flest atkvæði fá eru rétt kjörnir. Stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti en ákveðið er í þessum lögum.

Stjórn KKÍ er heimilt að ráða launað starfsfólk m.a. framkvæmdastjóra og skal stjórnin setja honum erindisbréf. Reikningsár KKÍ er frá 1. maí til 30. apríl. Aðsetur stjórnar er í Reykjavík.

Ákvæði til bráðabirgða:

Á 21 ársþingi KKÍ 1981 skal kjósa two stjórnarmenn til eins árs og two til tveggja ára.

Breytingartillaga

Reglugerð um körfuknattleiksmót

11. gr. Málsgreinin .... "Meistaramót Íslands skal haldið á tímabilinu 15. október til 15. apríl" ....

breytist og verði þannig:

.... "Meistaramót Íslands skal haldið á tímabilinu 1. október til 15. apríl".

## Breytingartillaga

### Reglugerð fyrir mótanefnd

#### 1. gr. Greinin hljóði svo:

Stjórn KKÍ skipar þrjá menn í mótanefnd.  
Formann nefndarinnar skal skipa sérstaklega.  
Allsherjarnefnd er heimilt að tilnefna annan  
eða báða hinna nefndarmannanna.